

AUGLÝSING

um náttúruvættið Goðafoss

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar, og með samþykki landeigenda jarðanna Hriflu, Ljósavatns og Rauðár og sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar að friðlýsa Goðafoss sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Goðafoss er foss í Skjálfandafljóti í Bárðardal. Hann er einn af vatnsmestu fossum landsins og greinist í tvo meginfossa og nokkra smærri. Ásýnd fossins er fjölbreytileg eftir vatnsmagni, veðurfari og árstíð. Goðafoss er 9-17 m hár og um 30 m breiður. Landið við vesturbakka Goðafoss heitir Hrótey. Hún afmarkast af Hróteyjarkvísl sem greinist frá Skjálfandafljóti ofan við Goðafoss og sameinast fljótinu aftur alllangt neðar.

Þjóðsaga segir að Þorgeir Þorkelsson Ljósveitingagoði hafi varpað goðalíkneskjum sínum í fossinn í kjölfar þess að honum hafi verið falið það hlutverk að ná lögsáttum milli heiðinna manna og kristinna og hann tekið upp nýjan sið. Af þessu á Goðafoss að hafa dregið nafn sitt.

Goðafoss er vinsæll ferðamannastaður og þangað kemur fjöldi ferðamanna allan ársins hring.

Náttúruvættið er 0,224 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Meginmarkmið með friðlýsingu svæðisins er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennslí í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins

Mörk svæðisins eru fossinn sjálfur og næsta nágrenni. Mörk svæðisins afmarkast af hnitum (ISN93) sem sýnd eru á korti sem fylgir auglýsingu þessari.

Stærð hins friðlýsta svæði er 0,224 km².

4. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur náttúruvættisins skv. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stofnunin getur þó falið öðrum umsjón með náttúruvættinu skv. 85. gr. sömu laga og skal þá um hana gerður sérstakur samningur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón náttúruvættisins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur sammingsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í samvinnu við landeigendur, Þingeyjarsveit, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, reiðleiðir, flug fjarstýrðra loftfara og vatnsrennsli til fossins.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra sbr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

6. gr.

Umferð um náttúruvættið

Almenningi er heimil för um náttúruvættið en skylt er að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengisreglum sem gilda. Gestir svæðisins skulu fylgja gönguleiðum á svæðinu í hvívetna.

Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða, vegna eftirlits Minjastofnunar með menningarminjum og vegna starfa landeigenda. Um umferð loftfara fer skv. almennum reglum þar um. Heimilt er að setja ítarlegri reglur um umferð loftfara í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu, nema þjónustuhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

Umferð ríðandi manna er heimil á skilgreindum reiðleiðum innan náttúruvættisins. Reiðleiðir skulu skilgreindar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Umferð hjólandi manna er aðeins heimil á skilgreindum vegum á svæðinu og óheimilt er að hjóla á gönguleiðum. Þó er heimilt að leiða hjól um gönguleiðir svæðisins.

Þeim sem stunda stangveiði á svæðinu sbr. 13. gr. er heimilt að ganga utan gönguleiða við veiðar.

7. gr.

Dvöl og umgengni í náttúruvættinu

Næturgisting innan náttúruvættisins er óheimil.

Óheimilt er að urða eða skilja eftir rusl eða annan úrgang innan náttúruvættisins og kveikja eld.

Þess skal gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi gestum ónæði. Skylt er að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun innan náttúruvættisins sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun

og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með gerð fræðsluefnis um náttúruvættið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um náttúruvættið og reglum sem um það gildir.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðminja.

Óheimilt er að raska gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum á friðlýsta svæðinu, þó sbr. 12. gr. Öll nýting á svæðinu skal vera sjálfbær.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan náttúruvættisins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Nánar skal fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal fjallað um vatnsrennsli til fossins.

11. gr.

Verndun menningarminja

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum. Um verndun menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Þingeyjarsveitar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, landeigenda og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Landnýting skal vera sjálfbær. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

Viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

13. gr.

Veiðar og notkun skotvopna

Öll meðferð skotvopna sem og skotveiðar eru bannaðar innan náttúruvættisins, að undanskildum veiðum á framandi tegundum, s.s. mink, sbr. einnig 2. mgr. 10. gr.

Stangveiði er heimil innan náttúruvættisins í samræmi við lög um lax og silungsveiði nr. 61/2006.

14. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 84. og 90. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Landvörðum eða öðrum starfsmönnum náttúruvættisins er heimilt að vísa brott úr náttúruvættinu hverjum þeim sem brýtur gegn þeim reglum sem um náttúrvættið gilda, sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

16. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Viðauki I – Mörk svæðis og hnitaskrá



 <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Goðafoss</p>	 <p>Tillaga að mörkum frílýsts svæðis</p>	<p>Flatarmál: 23 ha Kortavörpun: Lambert keiluvörpun Hnitstaða: ISN93 Kortagerð: Guðni Hannesson LMJ Dags: 19.11.2019 © Landmælingar Íslands</p>
--	------------------------	--	---

Goðafoss náttúruvætti - hnitaskrá		
Punktur	X	Y
1	566649	576753
2	566425	576759
3	566455	576909
4	566493	577003
5	566559	577071
6	566758	577205
7	566763	577324
8	566805	577368
9	566882	577326
10	566981	577315
11	567093	577200
12	567079	576990
13	566915	576989
14	566804	576957
15	566734	576900
16	566721	576863
17	566707	576752
18	566649	576753